

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 21. maí 2007 í máli nr. S-307/2007:

### Ákærvaldið

*(Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir fulltrúi)*

**gegn**

**X**

*(Eiríkur Sigurjón Svavarsson hdl.)*

Mál þetta sem dómtekið var 9. maí sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 6. mars 2007 á hendur X, ..., Reykjavík, fyrir líkamsárás, með því að hafa miðvikudaginn 19. júlí 2006, í garði við fjölbýlishúsið að Þorlaksgeisla 27 í Reykjavík, kastað þríhjóli í andlit Selmu Sólar Ómarsdóttur, þar sem hún sat, með þeim afleiðingum að hún fékk blóðnasir, marblett við nefrótina, rispu á vinstri kinn og kúlu á enni.

Telur ákærvaldið þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og 110. gr. laga nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá gera Ómar I. Sverrisson og Ásdís Elva Kristinsdóttur þá kröfu fyrir hönd Selmu Sólar Ómarsdóttur, dóttur þeirra og Ásdísar Elvu, að ákærði verði dæmdur til greiðslu bóta að fjárhæð 601.330 krónur auk lögmanskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti. Krafist er vaxta af ofangreindri skaðabótakröfu sbr. 8. gr. laga um vexti og verðbætur nr. 38/2001, frá tjónsdegi 19. júlí 2006 til greiðsludags. Þá er krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001, frá því að mánuður var liðinn frá því að krafan var kynnt ákærða, til greiðsludags. Jafnframt er þess krafist að vextir og dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, almennir vextir í fyrsta sinn að liðnum 12 mánuðum frá tjónsdegi, dráttarvextir í fyrsta sinn frá því að dráttarvextir hófu að reiknast skv. 9. gr. laga nr. 38/2001. Dráttarvextir leggist á þóknun lögmanns í samræmi við ákvæði laga nr. 38/2001 og leggist við höfuðstól hennar á tólf mánaða fresti.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvalds, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst ákærði þess að bótakröfu verði vísað frá dómi. Einnig krefst verjandi ákærða málsvarnarlauna sér til handa.

Málsatvik.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar í Reykjavík frá 20. júlí 2006 kom lögregla að Þorláksgesla 27, deginum áður, en þaðan hafði Bylgja Bragadóttir hringt og tilkynnt um að maður hefði ráðist á sig og barn sem hún gætti. Á vettvangi tók Bylgja á móti lögreglu, auk Ásdísar Elvu Kristinsdóttur, dóttur Bylgju. Kvað Bylgja að hún hefði verið í heimsókn hjá dóttur sinni og verið úti í garði með 9 mánaða gömlu ömmubarni sínu, Selmu Sól. Með þeim hefði einnig verið hundur Bylgju. Hefði þá ákærði komið þar að og haft uppi athugasemdir um veru hundsins í garðinum. Hafi einhver orðaskipti hafist milli þeirra. Hafi þá ákærði farið burt, en komið aftur skömmu síðar. Hafi ákærði verið mun æstari er hann kom út í seinna skiptið. Hann hefði misst stjórn á skapi sínu, tekið upp þríhjól með járnstöng aftan á, og hent því í áttina að Ásdísi, en hjólið hefði lent í andliti Selmu Sólar.

Frásögn Ásdísar var á sömu lund og frásögn Bylgju, en hún kvaðst telja að ákærði hefði ætlað að henda hjólinu í sig.

Er lögregla kom að Þorláksgesla 21, þar sem ákærði býr, kom hann akandi að húsinu á bifreið sinni. Í skýrslu lögreglu segir að ákærði hafi margfaldlega beðið Ásdísi afsökunar á hegðun sinni og kvaðst hann vera miður sín út af atburðinum. Hann kvaðst hafa orðið svo skelkaður að hann hafi ekki treyst sér til að hafa börn sín heima og hafi farið með þau í pössun.

Ákærði sagði lögreglu svo frá að hann hefði átt orðaskipti við Ásdísi og Bylgju út af hundi sem þær voru með úti í garði. Þær hafi sagt honum að fara og sagt að hann væri fyrir þeim með dótið sitt. Hann hafi orðið reiður, tekið hjól sem sonur hans á, og hent því í áttina að þeim. Kvaðst ákærði einungis hafa ætlað að skella hjólinu niður þannig að það lenti fyrir framan þær Bylgju og Ásdísi, en hjólið hafi lent í andliti Selmu Sólar. Hafi hann reynt að biðjast fyrirgefningar en honum hafi verið ýtt til hliðar.

Ásdís Elva Kristinsdóttir lagði fram kæru á hendur ákærða 3. ágúst 2006. Skýrði hún frá atburðum á svipaðan hátt og á vettvangi. Hún kvaðst telja að ákærði hefði ætlað sér að henda hjólinu í sig, en það hefði óvart lent á barninu. Hún kvað hafa komið til átaka milli ákærða og móður hennar og síðan hafi hún sjálf sparkað í rass ákærða.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 30. ágúst 2006. Skýrði hann svo frá að hann, Ásdís og Bylgja, hefðu lent í orðasennu vegna hunds sem sat í garðinum hjá þeim umræddan dag. Hefði ákærði bent þeim á að hundar væru ólöglegir í garðinum nema með leyfi allra íbúa. Kvaðst hann sama morgun hafa orðið vitni að því að smábörn voru að leika sér með hundaskít í garðinum. Konurnar hefðu ekki svarað umkvörtunum hans og hann hafi því farið burt, en komið aftur skömmu síðar og sagt að hann myndi hringja á lögreglu ef þær færu ekki með hundinn burt. Þær hafi sagt honum að gera það. Hann kvaðst hafa sagt að þær sýndu mikinn dónaskap. Hann hafi ætlað að klappa hundinum, en verið ýtt í burtu og lent í orðaskaki við Ásdísi. Mörg ljót orð hefðu þá verið látin falla. Ásdís hefði sagt að hann ætti að „drulla“ sér í burtu. Hefði þá ákærði reiðst og ætlað að henda þríhjól sem hann hélt á fyrir framan Ásdísi. Hún hefði staðið of nálægt sér og hann ekki þorað að sleppa því. Ásdís hefði hins vegar ýtt í hjólið, hann misst það og það hefði lent í

andliti Selmu Sólar. Honum hafi brugðið mjög við að sjá að Selma Sól meiddist og ætlað að hugga hana, en Ásdís hefði ýtt honum frá og kvaðst hann skilja það mjög vel. Hann hefði beðist afsökunar aftur og aftur, en Bylgja hefði ráðist á hann og sparkað í fætur hans og kýlt hann í andlit og líkama. Hann hefði ekki slegið á móti.

Ákærði var spurður um hvort hann hefði tekið hundinn upp á hálsólinni og kastað honum í loft upp, eins og Bylgja hefði borið um í yfirheyrslu hjá lögreglu. Kvað hann það ekki rétt, hann hefði ætlað sér að klappa hundinum, en verið ýtt frá.

Í málinu liggur frammi læknisvottorð Skúla Bjarnasonar sérfræðings vegna Selmu Sólar. Segir þar að Selma Sól hafi komið á slysadeild með foreldrum sínum 19. júlí 2006. Við skoðun hafi komið í ljós nokkuð stór marblettur 2 x 2 sm við nefrótina og á vinstri kinn sé um 2 sm löng rispa. Í nösnum sé hún með svolitla blóðstorku en annað sé ekki að finna við skoðun. Sjúkdómsgreining slysadeildar sé mar og hrúfl á andliti.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

*Ákærði, X*, kvaðst hafa farið snemma út í garð þennan morgun og séð að smábörn voru að leika sér með hundaskít. Hafi hann orðið dálítið pirraður yfir því. Hann hafi verið að leika við börn sín í sandkassanum, er þær Ásdís og Bylgja hafi komið í garðinn með hund. Honum hafi ekki litist vel á að hafa hundinn þarna og hafi hann bent þeim á að ekki væri heimilt að hafa hundinn í garðinum og beðið þær að fara burt með hann. Þær hafi svarað fáu og hann hafi gengið burt. Síðan hafi hann farið aftur til þeirra og hafi þá ákærði sagt að hann myndi hringja í lögreglu ef þær færu ekki með hundinn. Hafi þá Ásdís sagt að það væri í lagi, en þær ætluðu ekki að fara. Hafi hann þá ætlað að klappa hundinum, en hundurinn sé fallegur og hafi hann ekki haft neitt á móti honum, það séu hundaeigendur sem séu vandamálið. Ásdís hafi ýtt honum frá og ákærði gengið í burtu. Ákærði hafi ákveðið að fara að taka til í sandkassanum dót barnanna sinna. Hann hafi verið með þríhjól í hendi og gengið aftur að þeim Ásdísi og Bylgju og sagt að hann gæti ekki sætt sig við þetta. Ljót orð hafi fallið milli þeirra og hafi Ásdís sagt að hann skyldi bara „drulla“ sér frá. Þær hafi setið í grasinu, Ásdís hafi setið í miðjunni og Bylgja hafi setið hægra megin við Ásdísi, en vinkona Ásdísar hafi setið vinstra megin við hana og barnið hafi setið fyrir framan vinkonu Ásdísar. Ákærði kvaðst hafa haldið á hjólinu í hægri hendi. Hann hafi reiðst mjög og ætlað sér að skella því fyrir framan þær. Hann hafi hins vegar verið of nálægt og Ásdís hafi ýtt við hjólinu, með báðum höndum, þannig að ákærði missti tökin á hjólinu. Ákærði kvaðst ekki hafa ætlað sér að henda hjólinu í Ásdísi, heldur henda því fyrir framan hana, en hætt við það. Ákærði kvaðst ekki hafa séð barnið þegar hann gekk að konunum. Ákærði kvaðst ekki vita hvaða hluti hjólsins fór í barnið en hann hafi heyrt grát. Hann hafi ætlað að hugga barnið, en Ásdís hafi ýtt honum í burtu, sem ákærði kvaðst skilja vel. Ákærði hafi því ætlað að ganga í burtu, en Bylgja hafi ráðist tvisvar að sér. Hún hafi sparkað í sig og kýlt sig. Ákærði kvaðst hafa fengið nokkrar skrámur og ekki viljað kæra árás Bylgju. Ákærði kvaðst að sjálfsögðu hafa beðist afsökunar á þessu. Ákærði kvað hundahald í stigagangi þeim sem ákærði býr í, vera bannað.

*Vitnið, Ásdís Elva Kristinsdóttir*, kvaðst hafa verið með móður sinni, Bylgju, vinkonu, barni sínu og barni vinkonu sinnar úti í garði umræddan dag. Móðir hennar hafi haft hund með sér í bandi. Þær hafi allar setið í grasinu í garðinum. Ákærði hafi beðið þær að fara burt með hundinn og móðir hennar hafi sagt að hún

ætlaði að gera það. Þær hafi ekki staðið upp strax og þá hafi hann komið aftur og aftur og beðið þær þess sama, að fara burt með hundinn. Að lokum hafi hann sagt að hann ætlaði að kalla á lögreglu og móðir hennar hafi sagt að hann skyldi gera það. Í síðasta skiptið er ákærði kom hafi hann verið orðinn fremur reiður og hafi hann gengið að hundinum, beygt sig niður og sér hefði virst sem hann þreifaði eftir hálsól hundsins. Vitnið kvað ákærða ekki hafa tekið hundinn upp. Vitnið hafi sagt honum að koma sér í burtu frá hundinum. Selma Sól hafi setið fremur langt frá þeim. Vitnið kvað ákærða hafa tekið upp þríhjól og kvaðst hún hafa séð það á „svipnum á honum“ að hann ætlaði að henda hjólinu eitthvað. Ákærði hafi kastað hjólinu til hliðar og hefði hjólið lent í barninu, Selmu Sól. Taldi vitnið að að hjólið hefði átt að fara í sig, en lent óvart á Selmu Sól. Kvaðst vitnið ekki hafa ýtt við hjólinu og að ákærði hefði ekki misst hjólið. Barnið hafi farið að hágráta og vitnið hafi orðið það reið að hún sparkaði í rass ákærða. Vitnið kvað Selmu Sól hafa fengið blóðnasir og mar í andlit. Þá hafi vitnið séð að ákærði ýtti við móður hennar eftir að hjólið lenti í barninu. Vitnið kvað ákærða hafa beðist afsökunar þegar lögreglan kom.

*Vitnið, Bylgja Bragadóttir*, móðir Ásdísar kvaðst hafa verið stödd í garðinum umræddan dag ásamt dóttur sinni og vinkonu hennar. Hún hafi verið með hund í bandi. Þær hafi allar setið í grasinu í garðinum. Ákærði hafi komið þar að og beðið þær að fara burt með hundinn, þar sem ekki væri leyfilegt að hafa hund í garðinum. Vitnið hafi sagt að hún væri að fara burt. Ákærði hafi farið í burtu, en komið aftur skömmu síðar og ítrekað beiðni sína. Hún hafi svarað því að hundurinn væri sofandi og að þær væru að fara. Ákærði hafi þá aftur gengið burt og þau hafi átt einhver orðaskipti. Í þriðja sinnið sem ákærði hafi komið, hafi hann sagt að hann ætlaði að hringja á lögregluna ef þær færu ekki burt með hundinn. Þá hafi hann einnig tekið í hundinn, rifið í hálsól hans og hent honum upp í loftið. Ákærði hafi verið orðinn reiður er hér var komið sögu og hafi vitnið einnig verið orðin reið. Þá hafi ákærði gengið burtu og tekið saman eitthvert dót. Að síðustu hafi ákærði komið aftur og þá með hjól í höndinni. Einhver ljót orð hafi þá fallið þeirra í milli og Ásdís hafi sagt ákærða að koma sér burtu. Hafi þá ákærði reiðst mjög og „hent hjólinu“. Hann hafi lyft hjólinu upp og kastað því. Vitnið kvað að sér hefði virst sem hann horfði á Ásdísi þegar hann kastaði hjólinu. Vitnið kvað Ásdísi ekki hafa slegið í hjólið en ef til vill hafi hún borið hendur fyrir andlitið. Þegar ákærði kastaði hjólinu hafi Selma Sól setið fyrir framan Ásdísi. Selma Sól hafi farið að gráta og blætt hafi úr andliti hennar. Ákærði hafi strax beðist afsökunar. Vitnið kvaðst hafa slegið ákærða utanundir eftir að hjólið lenti í barninu, einnig hefði hún hrist ákærða til og sparkað í rass hans.

*Vitnið, Lilja Rut Þórarinsdóttir*, vinkona Ásdísar, kvaðst hafa setið í garðinum við Þorlaksgeisla umræddan dag ásamt Ásdísi, Bylgju, Selmu Sól og dóttur sinni. Bylgja, móðir Ásdísar, hafi haft hund í taumi. Þær hafi eingöngu verið þarna skamma stund þegar ákærði hafi komið þar að og beðið þær að fara burt með hundinn. Þær hafi sagst gera það, en ekki staðið upp. Ákærði hafi því komið aftur og aftur og ítrekað bón sína. Eitthvert orðaskak hafi orðið milli Ásdísar, Bylgju og ákærða. Vitnið kvað ákærða hafa gengið að hundinum og rykkst í hálsól hans, en hann hefði „ekki alveg hent honum upp í loft.“ Er hann kom í síðasta skiptið hafi hann verið að taka saman eitthvert dót. Hann hafi tekið upp hjól sem þarna var og „sveiflað því í kringum sig“ og það hafi lent í Selmu Sól. Vitnið kvað ákærða ekki hafa kastað hjólinu frá sér, heldur hefði hann sveiflað því til hliðar. Vitnið kvaðst hafa setið milli Selmu Sólar og Ásdísar, þannig að Selma Sól hafi setið

vinstra megin við vitnið og Ásdís hægra megin við vitnið. Vitnið kvaðst hafa setið nær Selmu Sól en Ásdís. Vitnið kvað ákærða ekki hafa misst hjólið og enginn hafi slegið í hjólið.

Vitnið kvað ákærða hafa ætlað að hugga barnið eftir að hjólið lenti í barninu, en Ásdís hefði ýtt honum frá. Ákærði hefði virst miður sín og beðist afsökunar.

*Vitnið, María Haukdal Styrmsdóttir* kvaðst hafa verið í sólbaði á svölum fjölbýlishússins við Þorláksgeisla umræddan dag. Hún kvað ekki leyfilegt að vera með hunda á sameigninni. Hún kvaðst hafa heyrt eitthvert rifrildi úr garðinum og séð þegar tvær konur réðust að ákærða, en hann hafi hopað undan. Hún kvaðst ekki hafa séð undanfara þess að konurnar réðust að ákærða.

*Vitnið, Jóhanna Haukdal Styrmsdóttir*, kvaðst hafa verið stödd í garðinum við Þorláksgeisla umræddan dag. Hún kvaðst hafa heyrt rifrildi milli ákærða og tveggja kvenna. Síðan hefði hún séð aðra konuna sparka í ákærða og hin hefði slegið hann. Hún kvaðst ekki hafa séð undanfara þess.

*Vitnið, Ásta Björg Styrmsdóttir*, kvaðst hafa verið stödd í garðinum við Þorláksgeisla 25, umræddan dag. Hún kvaðst hafa heyrt rifrildi og læti milli ákærða og tveggja kvenna. Síðan hafi hún séð aðra konuna sparka í ákærða en hina konuna slá ákærða. Hún kvaðst ekki hafa séð undanfara þess að konurnar réðust að ákærða.

*Vitnið, Ingibjörg Pétursdóttir lögreglumaður*, kvað lögreglu hafa verið kvadda að Þorláksgeisla umræddan dag. Hún hefði byrjað á því að tala við Ásdísi og móður hennar, Bylgju er á vettvang var komið. Þær hefðu skýrt svo frá að ákærði hefði komið að þeim úti í garði og farið fram á að þær færu burt með hundinn. Þær hafi sagt að þær væru að fara, en ákærði komið aftur að þeim og ítrekað bón sína. Einhverjar stimpingar þeirra í milli hafi orðið og í hita leiksins hafi ákærði „kastað hjólinu niður“ og það hafi lent í Selmu Sól, sem sat í grasinu.

Ákærði hefði skýrt frá á svipaða lund. Hann hefði sagt að hann hefði verið orðinn þreyttur á lausagöngu hunda í hverfinu og þegar hann sá hundinn í garðinum hefði hann reiðst og beðið þær að fara með hundinn. Þegar þær hafi ekki orðið við því, hafi upphafist einhver læti og stimpingar. Ákærði hafi sagt við vitnið að „hann ætlaði ekki að kasta hjólinu í barnið, hann ætlaði bara að setja það svona niður í áttina að Ásdísi“, en hjólið hefði hins vegar lent í barninu. Ákærði hefði iðrast þessa mjög og verið í mikilli geðshræringu vegna þessa. Hann hefði beðið konurnar margfaldlega afsökunar og þurft að fara með börn sín í pössun vegna uppnáms sem hann komst í vegna þessa.

Niðurstaða.

Ákærði hefur í máli þessu neitað sök. Í frumskýrslu lögreglu, sem undirrituð er af Ingibjörgu Pétursdóttur lögreglumanni, er haft eftir ákærða að hann hafi einungis ætlað sér að skella hjólinu niður, þannig að það myndi lenda fyrir framan þær Ásdísi og Bylgju. Bar lögreglumaðurinn fyrir dómi að ákærði hefði skýrt henni frá atburðum á þann veg, er hún yfirheyrði ákærða á vettvangi.

Ákærði bar fyrir dómi að hann hafi ætlað sér að skella hjólinu fyrir framan konurnar, en hann hafi staðið of nálægt þeim og misst tökin á hjólinu þegar Ásdís ýtti við hjólinu. Bar ákærði á sömu lund er hann var yfirheyrður hjá lögreglu 30. ágúst 2006. Hefur framburður ákærða því verið stöðugur frá upphafi málsins um að hann hafi ekki ætlað sér að henda hjólinu í einhvern nálægan.

Í máli þessu er ákært fyrir brot gegn 217. gr. almennra hegningarlaga og þarf ákærvaldið að sanna ásetning ákærða til að verknaðarins og afleiðinga hans. Langt er frá því að ákærvaldinu hafi tekist að sanna að ásetningur ákærða hafi staðið til þess að kasta hjólinu í andlit Selmu Sólar, eins og atvikalýsing ákæru hljóðar, enda hefur enginn þeirra sem sá atburðina borið um það. Þá hefur ákærvaldinu ekki tekist sönnun þess að ásetningur ákærða hafi staðið til að valda líkamsmeiðingum, með því að kasta umræddu þríhjóli frá sér. Þótt þær Ásdís, Bylgja og Lilja Rut hafi staðið í þeirri trú að ákærði ætlaði sér að kasta hjólinu í einhvern sem þarna var, nægja getgátur þeirra um ætlun ákærða ekki til sakfellingar hans, enda ber að líta til þess við mat á trúverðugleika framburðar þeirra, að Ásdís setti fram kæru og skaðabótakröfu í máli þessu og Lilja Rut er vinkona hennar og Bylgja móðir hennar. Engin þeirra getur því talist óhlutdrægt vitni í málinu.

Þegar framangreint er virt og litið er til staðfasts framburðar ákærða frá upphafi um hvað honum gekk til með því að kasta hjólinu frá sér, er ósannað af hálfu ákærvaldsins að um ásetningsverknað hafi verið að ræða af hálfu ákærða. Er það mat dómsins að rannsókn lögreglu hafi leitt í ljós að saknæmisskilyrðum 217. gr. almennra hegningarlaga var ekki fullnægt í málinu, sbr. 2. mgr. 71. gr. laga nr. 19/1991, og hafi því ekki verið grundvöllur fyrir útgáfu ákæru í málinu, sbr. 112. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Ákærði er samkvæmt framangreindu sýknaður af þeirri háttsemi sem í ákæru greinir.

Með vísan til 3. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 er bótakröfum, sem gerðar hafa verið fyrir hönd Selmu Sólar Ómarsdóttur og Ásdísar Elvu Kristinsdóttur, vísað frá dómi.

Með vísan til 1. mgr. 166. gr. laga nr. 19/1991 greiðist sakarkostnaður málsins, 372.470 krónur, úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Eiríks S. Svavarssonar héraðsdómslögmanns, 245.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og málsvarnarþóknun talsmanns brotaþola, Önnu Ragnildar Halldórsdóttur héraðsdómslögmanns, 106.770 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, en ákærvaldið hefur lagt fram samþykktan reikning hennar, þar sem fram kemur að talsmanni hefur verið greidd sú fjárhæð.

Af hálfu ákærvaldsins flutti málið Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir fulltrúi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

D ó m s o r ð:

Ákærði, X, er sýkn af kröfum ákærvaldsins.

Bótakröfum, sem gerðar hafa verið fyrir hönd Selmu Sólar Ómarsdóttur og Ásdísar Elvu Kristinsdóttur, er vísað frá dómi.

Sakarkostnaður málsins, 372.470 krónur greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Eiríks S. Svavarssonar héraðsdómslögmanns, 245.000 krónur.

Ingveldur Einarsdóttir.